

Priðja birtingin – Heilagur Andi

Mörgum trúarbrögðum og kenningum ber saman um að Guð sé eitt, ein alveldissál, - en birtist sem þriggindur kraftur. Í kristni hafa þessir kraftar verið skilgreindir sem Guð Faðir, Guð Sonur og Heilagur Andi. Í öðrum trúarbrögðum eru notuð önnur nöfn eins og fram kemur síðar.

Hin þrigginda birting hins eina Eilífa er grundvallarveruleiki alls sem er, og nær til sérhverrar birtingar lífs og forms, bæði þessa heims og innri heima (Van Der Leeuw, 1976, bls.1).

Þessi orð skrifaði Van Der Leeuw, guðspekingur, frímúrari og prestur í frjáls kaþólsku kirkjunni, í bók sinni *The Fire of Creation*. Þessi orð hans eru lögð til grundvallar erindi þessu sem og merking þeirra að hvar vetna í allri sköpun sé að finna þrigginda birtingu guðdómsins.

En hvernig skynjum við þessa þriggindu birtingu? Stjörnuspekin kennir okkur að mismunandi kraftar streymi um alheiminn og að stjörnuafstöður hafi áhrif á gang sköpunar og lífs hér á jörðu, sem og í alheimi. Margskonar kraftar, sem allir eiga sama uppruna, streyma fram í hringrásum, lengri eða skemmri, og eru misvirkir eftir tímabilum. Ein þessara hringrásna felst í 2000 ára tímabilum þar sem þriggind birting Guðs er misjafnlega sýnileg á hverju tímabili fyrir sig. Þessar hringrásir tala sínu máli í frásögnum biblíunnar. Síðustu 2000 ár kallast fiskaöldin og markast upphaf hennar af fæðingu Jesú, sem var tákngevingur Guðs Sonarins og kom fram með kærleiksboðskap Guðs. 2000 ár þar á undan, á öld hrútsins, tímabili gamla testamentisins sjáum við föðurbirtinguna, Jahve ríkjandi. Nú er ný 2000 ára hringrás hafin, Vatnsberaöldin og orka þriðju birtingar Guðs, verður virkari eftir því sem henni framvindur.

Hver er þriðja birtingin, Heilagur Andi?

Í árdaga kristni var Heilagur Andi raunverulegur hluti lífs hinna trúuðu. Það má m.a. sjá í aðdraganda krossfestingar Jesú, þegar komið var að kveðjustundinni. Þá sagði Jesú fylgjendum sínum að hann myndi biðja Föðurinn að senda þeim annan hjálpara, Heilagan Anda sem yrði hjá þeim að eilífu. Hann sagði:

Þetta hef ég talað til yðar, meðan ég var hjá yður. En hjálparinn, Andinn heilagi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, mun kenna yður allt og minna yður á allt það, sem ég hef sagt yður (Jóh.14:25-26).

Jesú vissi að við brottför sína myndi hann skilja eftir tómarúm og þetta rými ætlaði hann að fylla með Heilögum Anda. Hann sagði Heilagan Anda vera Anda Sannleikans, að hann myndi leiða lærisveinana í allan sannleika og gefa þeim þekkingu sem myndi *sanna heiminum hvað er synd, réttlæti og dómur* (Jóh.16:8). Heilagur Andi myndi upplýsa þá um fortíð og framtíð, hjálpa þeim og hugga.

Og Jesú Kristur lagði hendur sínar yfir lærisveinana og gaf þeim kraftinn til að ákalla Heilagan Anda. Þeir meðtóku gjafir Heilags Anda sem varð þeim innblástur í stað kennslu Jesú. Í frumkristni var prestastéttin því afar tengd Heilögum Anda og gat notið

þessa krafts sem návist hans færði þeim. Eins og segir í Lúkasarguðspjalli: „*Heilagur Andi mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta mun yfirskyggja þig.*“

En svo leið tíminn og kristin trú færðist meira undir áhrif Rómaveldis. Áherslan, sem á tímum gamla testamentisins var á föðurbirtinguna, Guð Föður, hafði nú einnig færst yfir á Soninn sem Guð sendi til að frelsa heiminn. En þriðja birtingin, Heilagur Andi hvarf í skuggann.

Sé litið til annarra trúarbragða þá sjáum við að Hindúismi viðurkennir þrjár birtingar guðdómsins en leggur höfuðáherslu á **Föðurinn** = *Shiva* og **Soninn** = *Vishnú*. Átrúnaður á *Brahma* eða Heilagan Anda er minni samanborið við hinar. Í gyðingdómi er ekki fjallað um þriggrið birtingu Guðs. Þar er föðurbirtingin Jahve í fyrirrúmi.

Guð Móðir og Heilagur Andi hefur þó verið þekkt um heim allan og um aldir borið ýmis nöfn eins og Móðirin og Heilagur Andi í kristni, Alheimsmóðir, Heimsmóðir, Ísis, Ishtar og Sophia. Meðal þekktra Heimsmæðra má nefna Kwan Yin í kínverskum búddisma og Maríu guðsmóður í kristni.

Í erindi þessu leitast ég við að varpa ljósi á þriðju birtingu Guðs, Heilagan Anda sem er Guð Móðirin, vegna þess að orka Móðurinnar verður sýnilegri næstu 2000 árin, á Vatnsberaöld. Móðurorkan er þegar orðin áþreifanlegri og farin að hafa mikil áhrif þar sem konur víða um heim stíga nú fram á öllum sviðum. Það hefur ekki verið átakalaust enda þarf að fara meira en 4000 ár aftur í tímann til aldar nautsins, til að finna tímabil þar sem móðurbirtingin var mikilvægur hluti af átrúnaði fólks.

Ég vitna nú aftur í höfund bókarrinnar *The Fire of Creation*. Hann segir:

Í náinni framtíð verður þriðja birting þrenningarinnar meira áberandi; tímabil orku Heilags Anda er að hefjast. En tímabil Heilags Anda er um leið tímabil hinnar eilífu Móður; því þetta tvennt er óaðskiljanlegt, er eitt. Í frumkristnum bókmenntum var oft talað um Heilagan Anda í kvenkyni og í einni af apókrýfu ritunum talar Kristur um Móður sína, Heilagan Anda. . . Komandi tímabil er því hvor tveggja tímabil Heilags Anda sem innblásturs og elds sköpunar og Heilags Anda sem eilífrar Móður, gróandann í náttúrunni (bls. 121).

Sköpunarferlið, andardráttur Guðs er Heilagur Andi

Hinn guðdómlegi Andardráttur (e. Divine Breath) er útöndunin sem skapar heimana og innöndunin sem leysir þá upp aftur svo þeir megi hverfa inn í eininguna á ný (Leeuw, 1976. bls.14).

Öll sköpun er tvöföld. Það er farið frá einingu við hið guðdómlega til margbreytileika sköpunarinnar og síðan horfið aftur frá margbreytileika og óminnisástandi efnisheimsins til meðvitaðrar einingar við Guð.

Allir hlutir, allt sem tilheyrir sköpunarverkinu er guðdómlegt í eðli sínu, sérhvert atóm, jurt, dýr og manneskjan sjálf. En í sköpun sinni gleymir Guð sjálfum sér á þann hátt að jafnvel manneskjan á fyrri þroskastigum sínum veit ekki að hún er Guð hið innra. Það er ekki fyrr en langt er komið á þroskabrautina að manneskjan uppgötvar aftur sitt guðlega sjálf og hefur göngu sína í átt til Guðs Föðursins að nýju.

Hinn heilagi Andardráttur er hrynjandi sköpunarinnar og fyrirfinnst eins og áður sagði í öllum hlutum og öllum hringrásum frá hinni stærstu, sem er heilt þróunarkerfi, Manvantara, til hinnar smæstu. Hringrás sköpunar er grundvallarlögmál heimsins og allar tímahringrásir, öll þróunartímabil eru birting eilífrar hringrásar sköpunar sem heimurinn verður til í.

Á mínu andlega ferðalagi átti ég lengi vel erfitt með að átta mig á þriðju birtingu Guðs, Heilögum Anda, Móðurinni. Það varð mér því eins konar opinberun þegar ég rakst á bókina *The Fire of Creation* eða *Eldur sköpunarinnar* eftir Van der Leeuw. Í bókinni segir höfundur um Móðurina og Heilagan Anda:

Þegar við skoðum Guð Móður og Heilagan Anda þá sjáum við eitt skapandi ferli, ekki tvö. Það er aðeins einn eldur sköpunar í heiminum, en í þessu skapandi ferli getum við séð Guð birtast bæði sem Heilagan Anda og hina eilífu Móður allt eftir því hvernig við horfum á ferlið. Hér er ekki um að ræða tvær birtingar eða persónur, heldur einingu sem hægt er að upplifa á tvo vegu allt eftir sjónarhorni okkar. Við getum ýmist upplifað sköpunarferlið sem hinn glampanði sköpunareld Heilags Anda, innblásturinn, kraftinn sem streymir fram, eða hins vegar orkuna sem er meðtekin og umbreytist í sköpun eins og við sjáum sem dæmi í gróanda móður náttúru, í móður jörð, hjá hinni eilífu Móður (bls. 118).

Móðirin gefur öllum sem fæðast líkami sína, því líkamar persónuleikans tilheyra þeim sviðum jarðar sem hafa form og kallast á sanskrít Rupa. Það eru jarðheimur, geðheimur og lægri hugheimur. Þar fyrir ofan er Arupa, eða formleysi, heimar þar sem sálin og Andinn hafa aðsetur. Lægri sviðin, formheimurinn er heimur Móðurinnar og hún klæðir okkur efniseindum verundar sinnar eins lengi og við lifum.

Heilagur Andi, sköpunareldurinn gefur okkur fyrsta andardráttinn og tekur þann síðasta. Hann gefur líf og viðheldur lífinu innra með okkur.

Kundalini, kraftur eldsins sem býr í rótarstöð manneskjunnar er birting Móðurinnar innra með okkur. Kundalini er oft líkt við slöngu sem sefur hringuð í rótarstöðinni. Með tíma og þorska manneskjunnar fer kundalini eldurinn að rísa hægt og rólega upp á við, hreinsar lægri orkustöðvarnar og vekur upp þær efri, sem á síðari stigum færir manneskjunni andlega uppljómun.

Eiginleikar Móðurinnar eru m.a. kærleikur án skilyrða, mildi, umhyggja, huggun, vernd, frjósemi og gróandi. Móðurorkan er sérstök tilfinning, eins og hlý sköpun eigi sér stað. Við upplifum okkur hluta af náttúrunni og getum fundið innra með okkur afurðir sköpunar í frjósemi og hugmyndaauði, í gnægð fegurðar og forma. Þetta er sérstök tilfinning og gjörólík upplifun okkar af Heilögum Anda sem er þó hið sama. Móðirin veitir jafnvægi og skilning á náttúrunni. Hún kennir okkur að staldra við, finna fyrir jörðinni og upplifa samband okkar við hana, að við séum hluti af jörðinni. Með augum Móðurinnar sjáum við blómin og trén, fugla og dýr, og skynjum fegurð í allri sköpun, einingu alls.

Gjafir Móðurinnar sem Heilags Anda eru, eins og þeim er lýst í biblíunni, styrkur og hugrekki, innblástur og vitneskja um fortíð og framtíð, huggun, lækning hinna sjúku, að

hreinsa út illa anda og tala tungum. Í þessum eiginleikum upplifum við annars vegar sköpunareld Heilags Anda og hins vegar umvefjandi Móður. En við skulum hafa í huga orð van der Leeuw sem segir um Heilagan Anda og Móðurina, tvær hliðar á sama peningi, *að hinn raunverulegi sannleikur liggur ofar mannlegum skilningi en hægt er að beita ímyndunaraflinu til að ná nokkrum skilningi þar á (van der Leeuw, 1976).*

Orka móðurinnar verður sífellt virkari og mun einkenna Vatnsberaöldina eins og fram hefur komið. Það verður til þess að Móðirin og þau gildi og viðhorf sem hún stendur fyrir verða sterkari og móðureðlið fær betur notið sín. Vegna þessara breytinga eru konur um allan heim að finna styrk sinn, stíga fram og berjast fyrir réttindum kvenna og minnihlutahópa, fyrir gildum Móðurinnar og taka á sig aukna ábyrgð í samfélaginu. Allar manneskjur hafa innra með sér allar birtingarnar: Föðurinn; Móðurina og Soninn/Dótturina, en ég kys að kalla aðra birtingu Guðs, Soninn/Dótturina, nú þegar kvenorkan er orðin virkari.

Móðirin og Heilagur Andi mun í framtíðinni færa karlmönnum meiri skilning á kvenhlið sinni og konum meiri skilning á karlhlið sinni svo við nýtum báðar hliðar. Svo lengi sem mannkynið virðir ekki konur og hlutverk þeirra er ójafnvægi. Þessi skilningur helst í hendur við skilning okkar á þrígreindri birtingu guðdómsins sem er Guð Faðir, Guð Sonur/Dóttir og Guð Móðir eða Heilagur Andi.

Höfundur: Eldey Huld Jónsdóttir
www.avalon.is

Heimildir:

Nýja testamentið. (1990). Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag.
Van der Leeuw, J. J. (1976). *The Fire of Creation*. New York: Quest.

Erindið var flutt 11. mars 2024 í Stúkunni Sindra í Alþjóða Samfrímúrarareglunni Le Droit Humain. Erindið er lítillga stytt frá því það var flutt.

Hvers konar eftirprentun eða afritun þessa erindis er óheimil án skriflegs leyfis höfundar.